

Ed.

328. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr. Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum.

Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

2. gr.

Kennarafjelagið kys i stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint i nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.